

1212. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 13. janúar 2021, kl. 17:30 í fjarfundi á Zoom.

Mætt voru: Ragnar Þór Ingólfsson, Harpa Sævarsdóttir, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Arnþór Sigurðsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Friðrik Boði Ólafsson, Friða Thoroddsen, Helga Ingólfssdóttir, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Selma Árnadóttir, Selma Björk Grétarsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Sigrún Guðmundsdóttir, Sigmundur Halldórsson, Þorvarður Bergmann Kjartansson, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson forstöðumaður sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

Áður en gegnið var til dagskrár óskaði Ragnar Þór eftir samþykki fundarmanna fyrir þeirri dagskrárbreytingu að nýr liður nr. 10 kæmi inn sem er „**Bygging leiguíbúða gegnum Blæ**“.

Samþykkt.

1. Fundargerð 1211. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar.

Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1211. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og verður send í rafræna undirritun.

2. Kjaramál – staðan

Ragnar Þór sagði frá því að á vettvangi ASÍ er nú m.a. unnið að verkefnum sem snúa að stjórnvöldum t.d. févítin en það lítur orðið illa út og er að versna ef eitthvað er miðað við nýjustu tillögur. Er hann m.a. að skoða verðtryggingarfrumvarpið sem er nú langt frá því sem lofað hafði verið.

Nefndin um aðgerðir fyrir heimilin tengt stuðningslánunum hefur enn ekki komið saman því stjórnvöld draga lappirnar við að skipa í nefndina og virðist enginn áhugi vera á málinu. Þessi afstaða gæti haft alvarlegar afleiðingar fyrir heimilin og við þurfum að fara í herferð og mynda þrýsting bæði með greinaskrifum og auglýsingaefni.

Bíður Ragnar Þór nú eftir að húsnæðisnefnd ASÍ fari af stað en skortur er orðinn á húsnæði og lítið í byggingu eða skipulagi. Þetta mun valda hækkun á húsnæðisverði og leigu.

Umræður.

Framundan eru líka stórar áskoranir í lífeyrismálum t.d. um málefni atvinnulýðræðis og

fleiri spennandi mál sem við þurfum að taka fyrir svo sem um samstarf með öðrum stéttarfélögum um stofnun fjölmiðils eða nánara samstarf í aðdraganda kosninga með t.d. herferðum. Sagðist Ragnar Þór ætla að skýra þetta betur síðar þegar meira lægi fyrir en Efling hefur leitt þetta mál.

Umræður.

3. Lagabreytingatillögur fyrir aðalfund VR

Stefán lagði fram skjalið „*Minnisblað – tillaga að lagabreytingum á 23. gr. og 25. gr. laga VR*“ dags. 08.09 2020. Þessar breytingar eru hugsaðar til þess að hægt sé að halda félags- og aðalfundi í félaginu með rafrænum hætti svo ekki þurfi að fresta fundi eins og var í vor. Þá er þetta líka hugsað þannig að hægt sé að halda fund samtímis á stað og rafrænt sem er betra hvað varðar félagsmenn okkar á landsbyggðinni. Lykilatriði sé að tryggt sé jafnræði meðal fundarmanna hvort sem þeir sækja fund á staðnum eða rafrænt.

Tillögurnar eru þessar:

Tillaga nr. 1

Núverandi hljóðan:

23. gr. Aðalfundir

Aðalfund félagsins skal halda fyrir lok apríl ár hvert og eigi síðar en 14 dögum eftir að kosningar til stjórnar hafa farið fram. Skal hann boðaður með auglýsingu í útvarpi, dagblöðum og vefmiðlum VR eða á annan sannanlegan hátt með 10 daga fyrirvara. Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins.

Verði (breytingar í **rauðu** letri):

23. gr. Aðalfundir

Aðalfund félagsins skal halda fyrir lok apríl ár hvert og eigi síðar en 14 dögum eftir að kosningar til stjórnar hafa farið fram. Skal hann boðaður með auglýsingu í útvarpi, dagblöðum og vefmiðlum VR eða á annan sannanlegan hátt með 10 daga fyrirvara. **Stjórn er heimilt að halda aðalfund með rafrænum hætti að hluta eða öllu leiti og skal tryggja að gætt sé jafnræðis meðal fundarmanna hvort sem þeir sækja fundinn á staðnum eða rafrænt. Rafræn þátttaka félagsmanna á slíkum rafrænum aðalfundum skal ávalt vera staðfest með viðurkenndum rafrænum auðkennum.**

Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins.

Tillaga nr. 2

Núverandi hljóðan:

25. gr. Félagsfundir

Félagið heldur fundi svo oft sem þurfa þykir. Þó skal stjórninni skylt að boða til fundar, þegar eigi færri en 1% félagsmanna krefjast þess skriflega og skal fundurinn haldinn innan 7 daga frá því að stjórninni barst krafan í hendur. Fundur telst lögmætur, sé hann boðaður með auglýsingum í útvarpi, dagblöðum og vefmiðlum VR eða á annan sannanlegan hátt með minnst tveggja daga fyrirvara. Heimilt er að boða fund með skemmri fyrirvara vegna sérstakra ástæðna, svo sem samningagerðar eða annars samkvæmt mati stjórnarinnar. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum nema þar sem lög þessi ákveða annað. Gjörðabók skal haldin og í hana ritað ágreip af því sem fram fer á fundum félagsins.

Lögmætir félagsfundir hafa æðsta vald í öllum málefnum félagsins milli aðalfunda innan þeirra takmarka, sem lögin setja.

Verði (breytingar í **rauðu** lettri):

25. gr. Félagsfundir

Félagið heldur fundi svo oft sem þurfa þykir. Þó skal stjórninni skylt að boða til fundar, þegar eigi færri en 1% félagsmanna krefjast þess skriflega og skal fundurinn haldinn innan 7 daga frá því að stjórninni barst krafan í hendur. Fundur telst lögmætur, sé hann boðaður með auglýsingum í útvarpi, dagblöðum og vefmiðlum VR eða á annan sannanlegan hátt með minnst tveggja daga fyrirvara. Heimilt er að boða fund með skemmri fyrirvara vegna sérstakra ástæðna, svo sem samningagerðar eða annars samkvæmt mati stjórnarinnar. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum nema þar sem lög þessi ákveða annað. Gjörðabók skal haldin og í hana ritað ágreip af því sem fram fer á fundum félagsins. **Stjórn er heimilt að halda félagsfundi með rafrænum hætti að hluta eða öllu leiti og skal tryggja að gætt sé jafnræðis meðal fundarmanna hvort sem þeir sækja fundinn á staðnum eða rafrænt. Rafræn þátttaka félagsmanna á slíkum rafrænum félagsfundum skal ávalt vera staðfest með viðurkenndum rafrænum auðkennum.**

Lögmætir félagsfundir hafa æðsta vald í öllum málefnum félagsins milli aðalfunda innan þeirra takmarka, sem lögin setja.

Umræður.

Í umræðum var varpað fram þeim vangaveltum hvort skilyrði fyrir slíkum lagabreytingum væri að viðlíka ákvæði væri komið inn í lög ASÍ og sagði Ragnar Þór að það yrði kannað.

Þá bar Ragnar Þór upp til samþykktar ofangreindar lagabreytingatillögur.

Samþykkt samhljóða.

4. Tillögur vegna skipunar í Launanefnd VR

Ragnar Þór lagði fram skjalið „*Skipun og hlutverk Launanefndar VR – minnisblað*“ dags. 7. janúar 2021. Sagði hann að umræður hefðu skapast um skipan í nefndina eftir vangaveltur frá Þorvarði Bergmann um hvort eðlilegt sé að stjórnarmenn séu sjálfir að koma með tillögur að eigin launum og hvort huga mætti að því að nefndin sé t.d. skipðu fulltrúum úr trúnaðarráði félagsins. Sagði Ragnar Þór að nefndin hefði fleiri verk með höndum því t.d. réði stjórn framkvæmdastjóra og samið væri um kjör hans gegnum Launanefndina svo ekki væri alveg hægt að úthýsa því verki þótt æskilegt væri að fulltrúi úr trúnaðarráði kæmi að tillögugerðinni. Formið á þessu sé að Launanefnd komi með tillögu til stjórnar og stjórn ber tillöguna upp á aðalfundi en það er aðalfundar að ákveða laun stjórnarmanna.

Ragnar Þór benti á að kjör stjórnarmanna séu svo sem komin í fastan farveg enda tengd launavísitölu VR sem er ágætis farvegur og spurning hvort að það þurfi nokkuð að breyta því. Leggur hann til að málinu sé frestað og hann ræði málið við Þorvarð Bergmann.

Umræður.

Samþykkt að fresta málinu eins og Ragnar Þór lagði til.

5. Tillögur um samstarf starfsmenntasjóða

Stefán lagði fram skjalið „*Tillögur starfshóps um aukið samstarf starfsmenntasjóða*“ dags. 1. desember 2020 og fór yfir efni þess. Um er að ræða tillögur um aukið samstarf Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks (SVS), Landsmenntar og Starfsafls eftir að erindi barst frá SA um málið í nóvember sl. Þess bæri að geta að við ættum einnig aðild að Starfsmenntasjóði verslunarinnar (SV) sem væri í sameiginlegri eigu VR, landsambandsins og Félags atvinnurekenda en unnið hefur verið að því að sameina hina tvo sjóði verslunarmanna en það hefur staðið á SA að klára það mál.

Um er að ræða tillögur um að sameinast um skrifstofurekstur og að á þeirri skrifstofu væru unnin verkefni sem tengjast fyrirtækjastyrkjum, þróunarverkefnum, markaðssetningu og fleiri sameiginlegum þáttum. Þá gæti umsjón og rekstur færst á þessa sameiginlegu skrifstofu hjá þeim sjóðum sem það kjósa. Yfir þessu yrði sett rekstrarstjórn 6 fulltrúa og ætti VR/LÍV einn þeirra.

Í máli Stefáns kom fram að mismunandi form væri á rekstri sjóðanna þriggja en hjá okkur er rekstrarsamningur á milli VR og SVS þannig að allur rekstur er hjá VR og öllum styrkjum úthlutað frá okkar skrifstofu. Þá fór Stefán yfir samanburð á rekstrartekjum og styrkgreiðslum sjóðanna þar sem kom fram að okkar sjóður er langstærstur.

Loks rakti Stefán kosti og galla þess að fara í slíkt samstarf fyrir VR og þótt það gæti verið kostur að fyrirtækjastyrkir væru afgreiddir á einum stað oph. þá væru gallar mun fleiri eins og aukið flækjustig og að hallaði verulega á SVS sem væri með 52% af öllum tekjum sjóðanna en VR/LÍV fengi aðeins 1 fulltrúa í stjórn. Einnig væri hætt á að stafræn þróun á þjónustu færi aftur á bak eða myndi stoppa og að sérstaða verslunarmanna gæti horfið auk þess sem óljóst sé hvernig markaðsmál yrðu gagnvart félagsmönnum VR ef það yrði sameiginlegt.

Umræður.

Ragnar Þór sagði að af umræðum mætti heyra að ekki væri vilji fyrir þessu og lagði hann til að þessum tillögum yrði hafnað. Bar hann það upp til samþykkis.

Samþykkt að hafna þessum tillögum um samstarf starfsmenntasjóðanna.

6. Forkaupsréttur að Hvassaleiti 56 – 58

Stefán lagði fram skjalið „Hvassaleiti 56 – 58 yfirlýsing um forkaupsrétt“ dags. 4. janúar 2021. Kom fram að árið 1983 gerði VR lóðarleigusamning við Reykjavíkurborg um lóð nr. 56 – 58 við Hvassaleiti hér í Reykjavík. Samkvæmt lóðarleigusamningnum skyldi byggja á lóðinni 60 söluíbúðir fyrir aldraða og byggingu og rekstur þjónusturýmis fyrir aldraða.

Í eignaskiptasamningi frá árinu 1999 er kveðið á um að VR hafi forleigurétt og forkaupsrétt að íbúðum hússins. Allt frá þeim tíma hefur VR undirritað yfirlýsingu um að félagið hyggist ekki nýta forkaupsrétt sinn að tiltekinni íbúð þegar íbúðir hafa gengið kaupum og sölum. Lagt er til að framkvæmdastjóri fái heimild til að gera yfirlýsingu til Sýslumanns höfuðborgarsvæðisins sem kveður á um að VR falli almennt frá forkaupsrétti að íbúðum hússins þangað til að yfirlýsingin verði dregin til baka sem hægt væri að gera hvenær sem er. Með slíkri yfirlýsingu sparast talsverð fyrirhöfn, bæði á skrifstofu VR og hjá fasteignasölum þeim sem annast tiltekna sölu. En VR gæti virkjað forkaupsréttin hvenær sem er aftur með því að draga yfirlýsinguna til baka.

Umræður.

Að loknum umræðum bar Ragnar Þór upp til samþykkis þessa tillögu um að VR falli frá forkaupsrétti þangað til sú yfirlýsing væri dregin til baka.

Samþykkt samhljóða:

Umboð vegna þessa verður undirritað á næsta stjórnarfund.

7. Dómsmál með Neytendasamtökunum vegna breytilegra vaxta hjá bönkunum

Stefán lagði fram skjalið „Lögræðiálit um skilmála lána með breytilegum vöxtum“ dags. 31. ágúst 2020. Sagði hann að Neytendasamtökin (NS) vilji láta reyna á hvort skilmálar lána hjá bönkunum með breytilega vexti standist lög. Það sé þeirra mat að neytandi sem gerir samning eigi að geta vitað forsendur allra breytinga sem verði svo sem vaxtabreytinga á láni en bankar taka ákvörðun um vexti á sínum eigin forsendum. Reiknað er með að dómsmál yrðu 3 – 6 en miklir hagsmunir séu í húfi. Reiknað er með að kostnaður á hverju dómsstigi verði um 3,7 milljónir króna eða alls um 11,1 milljón króna fyrir öll dómsstigin þrjú en þess er vænst að málið verði tekið fyrir á öllum dómsstigum. Lagt er til að VR leggi allt að 3 milljónum króna í þetta með NS.

Umræður.

Að loknum umræðum bar Ragnar Þór upp þá tillögu að VR fari í þetta með NS og leggi allt að 3 milljónum króna í málið:

Samþykkt samhljóða.

8. Reglur VR vegna uppljóstrana starfsmanna VR sbr. lög nr. 40/2020 um vernd uppljóstrara

Stefán lagði fram skjalið „Reglur um verklag við uppljóstrun starfsmanna um lögbrot eða aðra ámælisverða háttsemi hjá VR drög“ og fór yfir efni þess. Kom fram að mikilvæg lög um vernd uppljóstrara hafi nú verið sett í landinu og fjalli þar m.a. um uppsagnarvernd. Það sé mikil réttarbót fyrir starfsmenn sem upplýsa um ákveðin mál sem ekki eigi að ríkja um trúnaðarskylda. Vænta má að á þetta muni reyna í verkefnum Kjaramálasviðs VR. Kemur fram í lögum að innri uppljóstrun eigi að koma á undan ytri uppljóstrun nema í sérstökum tilvikum.

Þessi lög snúa svo auðvitað líka að starfsmönnum VR þar sem þeim er heimilt að greina frá upplýsingum eða miðla gögnum í góðri trú um brot á lögum eða aðra ámælisverða háttsemi í starfsemi félagsins með uppsagnarvernd. Fór Stefán yfir drög að þessum reglum er snúa að starfsmönnum VR og er notað það form sem Vinnueftirlitið hefur gefið út. Að fengnu samþykki yrðu reglurnar svo kynntar starfsmönnum.

Reglurnar eru eftirfarandi:

“Reglur um verklag við uppljóstrun starfsmanna um

Lögbrot eða aðra ámælisverða háttsemi hjá VR

Á grundvelli 1. mgr. 5. gr. laga nr. 40/2020 um vernd uppljóstrara hefur VR sett verklagsreglur um uppljóstranir á lögbrotum eða aðra ámælisverða háttsemi hjá VR.

Skilgreiningar

Með innri uppljóstrun er átt við að starfsmaður greinir frá upplýsingum eða miðli gögnum í góðri trú um brot á lögum eða aðra ámælisverða háttsemi í starfsemi VR til aðila innan félagsins eða til opinberra eftirlitsaðila.

Með ytri uppljóstrun er átt við að starfsmaður greini frá upplýsingum eða miðli gögnum í góðri trú um brot á lögum eða aðra ámælisverða háttsemi í starfsemi VR til aðila utan félagsins, t.d. fjölmiðla. Ytri uppljóstrun er að jafnaði ekki heimil nema innri uppljóstrun hafi fyrst verið reynd til þrautar.

Með góðri trú er átt við að starfsmaður hafi góða ástæðu til að telja gögnin eða upplýsingarnar sem miðlað er séu réttar, það sé í þágu almennings að miðla þeim og að hann eigi ekki annan kost til að koma í veg fyrir þau brot eða þá háttsemi sem um ræðir.

Með ámælisverðri háttsemi er átt við hátterni sem stefnir almannahagsmunum í hættu, t.d. hátterni sem ógnar heilsu eða öryggi fólks eða umhverfi, án þess að um sé að ræða augljóst brot á lögum eða reglum.

Starfsmaður í skilningi reglna þessara er sá sem hefur aðgang að upplýsingum eða gögnum um starfsemi VR vegna hlutverks síns, þ.m.t. ráðinn starfsmaður eða stjórnarmaður og tímabundið ráðinn starfsmaður. Starfsmaður nýtur verndar samkvæmt ákvæðum laga nr. 40/2020, um vernd uppljóstrara, eftir að hlutverki hans lýkur.

Málsmeðferð

Starfsmönnum VR er heimilt að greina frá upplýsingum eða miðla gögnum í góðri trú um brot á lögum eða aðra ámælisverða háttsemi í starfsemi félagsins til aðila innan þess sem stuðlað getur að því að látið verði af eða brugðist við hinni ólögmætu eða ámælisverðu háttsemi eða til lögregluþyrvalda eða annarra opinberra eftirlitsaðila sem við eiga, t.d. Vinnueftirlitsins. Einnig getur átt við að miðla gögnum til Alþýðusambands Íslands í málum sem lúta að eftirliti þess með starfsemi stéttarfélaga.

Miðlun skal að öllu jöfnu fara fram til næsta yfirmanns starfsmanns. Ef ekki er talið forsvaranlegt að miðla upplýsingum til næsta yfirmanns skal miðla upplýsingum til framkvæmdastjóra, formanns eða varaformanns félagsins.

Móttakanda upplýsinganna eða gagnanna er skylt að stuðla að því að látið verði af hinni ólögmætu eða ámælisverðu háttsemi eða brugðist á annan hátt við henni.

Móttakandi upplýsinganna skal greina starfsmanninum frá því hvort upplýsingarnar hafi orðið honum tilefni til athafna og þá hverra. Miðað skal við að starfsmaður fá vitneskju um viðbrögð innan 7 daga.

Móttakandi upplýsinga eða gagnanna skal gæta leyndar um persónuupplýsingar sem honum berast um þann sem miðlar upplýsingum eða gögnum nema hinn síðarnefndi veiti afdráttarlaust samþykki sitt fyrir því að leynd sé aflétt.

Starfsmanni sem miðlað hefur upplýsingum eða gögnum án þess að það hafi leitt til fullnægjandi viðbragða innan félagsins, er heimilt í góðri trú að miðla umræddum upplýsingum eða gögnum til utanaðkomandi aðila, þar á meðal fjölmiðla, svo fremi sem starfsmaðurinn hefur réttmæta ástæðu til að ætla að um háttsemi sé að ræða sem getur varðað fangelsisrefsingu.

Í algjörum undantekningartilvikum þegar miðlun skv. framangreindu kemur af gildum ástæðum ekki til greina er miðlun til utanaðkomandi aðila heimil án þess að innri uppljóstrun hafi átt sér stað. Skilyrði er að miðlunin teljist í þágu svo brýnna almannahagsmuna að hagsmunir félagsins eða annarra verða að víkja fyrir hagsmunum af því að upplýsingum sé miðlað til utanaðkomandi aðila, svo sem til að vernda:

1. öryggi ríkisins eða hagsmuni ríkisins á sviði varnarmála,
2. efnahagslega mikilvæga hagsmuni ríkisins,
3. heilsu manna,
4. umhverfið.

Vernd

Miðlun upplýsinga eða gagna að fullnægðum skilyrðum ákvæða laga nr. 40/2020, um vernd uppljóstrara, telst ekki brot á þagnar- eða trúnaðarskyldu sem starfsmaðurinn er bundinn af samkvæmt lögum eða með öðrum hætti. Slík miðlun leggur hvorki refsíné skaðabótaábyrgð á viðkomandi eða íþyngjandi úrræða að starfsmannarétti.

Óheimilt er að láta starfsmann sæta óréttlátri meðferð sem miðlað hefur upplýsingum eða gögnum skv. ákvæðum laga um vernd uppljóstrara. Til slíkrar meðferðar telst t.d. að rýra réttindi, breyta starfsskyldum á íþyngjandi hátt, segja upp ráðningasamningi, slíta honum eða láta hvern þann sem miðlað hefur gögnum eða upplýsingum gjalda þess á annan hátt.

Komi til ágreinings fyrir dómi um stöðu starfsmanns með tilliti til hvort miðlun hafi verið óheimil eða að starfsmaður er látinn sæta óréttlátri meðferð í kjölfar hennar

hefur starfsmaður rétt á gjafsókn skv. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 40/2020 í héraði, fyrir Landsrétti og Hæstarétti. Gjafsókn fellur niður ef sýnt er fram á fyrir dómi að starfsmaður hafi ekki verið í góðri trú þegar upplýsingum var miðlað.”

Umræður.

Ragnar Þór bar upp þessar reglur til samþykkis eins og þær voru kynntar og að ofan greinir.

Samþykkt samhljóða.

9. Beiðni um stuðning frá Neytendasamtökunum og Breka Karlssyni vegna meiðyrðamáls eCommers 2020 ApS

Stefán lagði fram skjalið „Beiðni frá Neytendasamtökunum og Breka um þátttöku í málskostnaði“ dags. 8. janúar 2021. Kom fram að haustið 2020 höfðaði smálánafyrirtækið eCommerce 2020 ApS meiðyrðamál gegn Neytendasamtökunum (NS) og Breka Karlssyni formanni NS. Félagið byggir á því að ummæli Breka til færsluhirða og greiðslumiðlunarfyrtækis í Danmörku hafi falið í sér meiðyrði. Magna lögmannsstofa hefur tekið til varna og mun Gunnar Ingi Jóhannsson sjá um málið en hann er einn helsti sérfræðingur landsins í meiðyrðamálum. Lögmenn Magna telja að líkur á sigri í málinu séu töluvert góðar.

Heildarkostnaður við rekstur meiðyrðamálsins fyrir héraðsdómi er um 1,2-1,5 m.kr. Rætt hefur verið að erfitt getur verið fyrir forystufólk í verkalyðshreyfingunni sem og almannasamtaka eins og NS að berjast fyrir málstað almennings ef þau eiga yfir höfði sér dómsmál sem getur verið mjög kostnaðarsamt fyrir einstaklinga. Rætt hefur verið í þessu máli að VR, ASÍ og Efling komi að kostnaði við rekstur á þessu meiðyrðamáli. Lagt er til að VR samþykki að veita 500 þús. króna vegna rekstur ofangreinds meiðyrðamáls fyrir héraðsdómi.

Umræður.

Að loknum umræðum bar Ragnar Þór upp til samþykkis að VR legði til 500 þ. krónur til þessa máls eins og að ofan er lýst.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum utan þess að Bjarni Þór situr hjá.

10. Bygging leiguíbúða í gegnum Blæ

Stefán rifjaði upp að VR fékk lóð hjá Reykjavíkurborg sem við höfum samþykkt að byggja á íbúðarhúsnæði. Gengið hefur hægt að koma því af stað en hugur okkar stóð til þess að semja við Bjarg leigufélag um framkvæmd verkefnisins en það hefur ekki verið vilji til þess

hjá Bjarg vegna þeirra reglna sem þau starfa eftir. Þá hefur komið upp sú hugmynd að vinna verkið gegnum leigufélagið Blæ en það er almennt félag fyrir alla hópa okkar en Blær er í eigu Bjargs og gætum við þannig nýtt okkur innviði Bjargs í gegnum Blæ.

Það liggur því fyrir að við þurfum að samþykkja að fara fram á það við borgina að fá að framselja lóðarúthlutuninni okkar á Blæ en við fjármögnum verkið. Þarna opnast líka leið fyrir t.d. lífeyrissjóði að koma með fé í íbúðauppbýggingu fyrir félagsmenn.

Því er lagt til þetta tvennt:

- a. Framselja lóðina til Blæs – við eigum verkefnið og húsnaðið gegnum hlutafé og ráðstöfum íbúðunum til VR félaga.
- b. Afgreiðum fjármögnunina formlega á sérstökum afmælisstjórnarfundum sem haldinn verður í tilefni 130 ára afmælis VR þann 27. janúar nk.

Umræður.

Ragnar Þór bar nú upp til samþykkis það sem lagt var til.

Samþykkt samhljóða.

Fundi er slitið kl. 20:05

Árni Leósson, fundarritari